

**Mál nr. 14/2019****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar sveitafélagsins A****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum stíflu í skólplögn.****Gögn.**

Málskot, móttakið 08.01.2019, ásamt fylgigögnum 1-7.

Bréf V, dags. 7.2.2019

**Málsatvik.**

Hinn 10. ágúst 2016 flæddi vatn upp úr salernisskál á jarðhæð heimilis M í sveitarfélaginu A, með þeim afleiðingum að töluvert tjón varð á fasteigninni og munum í eigu M, en meðal gagna málsins er listi yfir hluti sem þurfti að farga í kjölfar atviksins.

Í málskoti kemur fram að verktaki á vegum A hafi verið að störfum við fræsingu í götunni einhverjum dögum fyrr. M byggir á því að mistök við vinnu hans hafi valdið umræddu tjóni. M hafði samband við A til að tilkynna um tjónið en A hafi bent á Orkuveitu Reykjavíkur, B, sem sæi um fráveitumál bæjarins. Meðal gagna málsins er yfirlýsing pípulagningamanns sem skoðaði lögnina að ósk B, um að „heimtaugin“ hafi verið hrein en full af vatni.

Í málskoti eru gerðar sérstakar athugasemdir við það að A reyni að koma sér undan ábyrgð með því að benda á B og verktaka á vegum hennar. A eigi hins vegar umræddar lagnir og beri húsbóndaábyrgð á þeim sem vinni við viðhald þeirra og eru því gerðar kröfur um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Jafnframt er skorað á V að afhenda öll gögn málsins, þá sérstaklega sem varða samskipti V við B eða undirverktaka, enda sé að óbreyttu engin leið fyrir M að grafast frekar fyrir um orsök tjónsins.

Í bréfi sínu til nefndarinnar segir V að atvikalýsing M sé að miklu leyti röng. Samkvæmt A hafi fræsing í götunni farið fram í maí 2016, eða þremur mánuðum áður en M hafi orðið fyrir tjóni. Við fræsinguna hafi fræst efni farið í tengibrunn en holræsabíll hafi verið fenginn sérstaklega til að hreinsa úr brunnum. Það sé því með öllu ósannað að umrædd fræsing hafi orsakað tjón M og að stífla hafi myndast vegna þeirrar vinnu. Eftir að M hafi orðið fyrir tjóni hafi lögnin verið mynduð og þá komið í ljós fitustífla í milli lagnarinnar að húsi M og næsta brunns. Ekki liggja fyrir hvað hafi valdið umræddri stíflu en ekki sé vitað til þess að nágrannar M hafi lent í sambærilegu tjóni sem sæti nokkurri furðu. Það eitt að stífla myndist geti ekki leitt til bótaskyldu A enda hafi ekki verið sýnt fram á orsakasamband milli stíflunnar og fræsingar í götunni. Þá hafi A ekki haft vitneskju um umrædda stíflu og því verið ófært að gera ráðstafanir til að bregðast við henni. Þá tekur V fram að í ágúst 2016 hafi verktaki á vegum B unnið að fóðrun lagna í nágrenni við heimili M. V hafnar því bótaskyldu á grundvelli þess að ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið hafi komið til vegna háttsemi A eða einhvers sem A beri ábyrgð á.

**Álit.**

Engar lagareglur eru í gildi um hlutlæga ábyrgð A á lögnum og tjóni sem kann að verða vegna bilana í þeim, s.s. vegna stífla sem geta myndast. Það liggur því fyrir úrskurðarnefndinni að meta hvort tjón það er M varð fyrir hafi orðið vegna sakar A, þ.e. mistaka eða vanrækslu í þessu tilfelli.

Takmörkuð gögn liggja fyrir nefndinni og í vottorði pípulagningamanns, sem þó liggur fyrir, er ekki að finna neina lýsingu á umræddri stíflu né tilgátur um hvað kunni að hafa valdið henni, eða um orsakasamband milli hennar og tjóns þess sem M varð fyrir. Þrátt fyrir að lögnin hafi verið mynduð alla vega einu sinni í kjölfar tjónsins hafa heldur engar myndir verið lagðar fyrir nefndina. Í málskoti M segir að pípari á vegum B „kom og myndaði lagnirnar í götunni sem sá að lagnirnar höfðu stíflast vegna vinnu verktakans“. Þessi staðhæfing er ekki studd neinum frekari gögnum né má ráða þessa afstöðu af fyrrnefndu vottorði sem segir aðeins að „heimtaugin“ hafi verið hrein en full af vatni. Þá liggur ekki fyrir neitt um aðrar framkvæmdir á vegum A en umrædda fræsing sem virðist hafa farið fram í maí 2016. Án frekari gagna verður ekki talið sýnt fram á að fræsing á vegum A þremur

mánuðum fyrir tjónsdag hafi valdið umræddu tjóni eða að starfsmenn sem A ber húsbóndaábyrgð á hafi vanrækt skyldur sínar að einhverju leyti. Þá hefur sú staðhæfing V að sérstaklega hafi verið hreinsað úr brunni eftir fræsinguna ekki verið hrakin. Verður því ekki talið að nægilega hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. mars 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.